

Flugmódelááhugamenn úr Reykjavík fjölmenntu á hinn glæsilega flugvöll um sl. helgi.

Reykjanesmynd: Hrós.

„Besti flugmódelafflugvöllurinn á landinu á Suðurnesjum“

—sögðu flugmódelááhugamenn úr Reykjavík, sem voru að leik á glæsilegum flugvelli út við Garðsveg

KEFLAVÍK: — „Þetta er besti flugmódelafflugvöllurinn hér á landi,“ sögðu nokkrir Reykvikingar úr Flugmódelafélaginu Þyti, þegar þeir voru að leik á glæsilegum flugmódelafflugvelli, sem er utan vegar rétt við nýja kirkjugarðinn á leiðinni út í Garð.

Tveir Suðurnesjamenn, þeir Gísli Hauksson (í Stapa) og

Þorsteinn Hraundal lögregluþjónn hafa byggt þennan flugvöll upp og hafa þeir lagt mikla vinnu í að halda honum í sem bestu standi. „Það er nokkuð undarlegt að aðeins tveir menn hér á Suðurnesjum hafi flugmódelflug sem áhugamál, þegar svona frábær flugvöllur er hér á svæðinu,“ sögðu flugmódelááhugamennirnir úr Reykjavík.


Þeir sögðust koma hingað nokkrum sinnum yfir sumartímann til að nota flugvöllinn, sem er vel byggður og skemmtilegur.

Flugmódelin ná allt að 150 km hraða og er hreint ótrúlegt hvað hægt er að láta flugvélnar gera. „Flugmódelin geta gert ýmsar listir sem flugvélar geta ekki,“ sagði einn af flugmódelááhugamönnum, sem sagði að flugmódelafflug væri

mjög skemmtileg íþrótt og til að ná árangri yrðu þeir að æfa eins og aðrir íþróttamenn.

Flugmódelááhugamennirnir voru með ýmsar gerðir af flugmódelum. Nýtískulegar orustuþotur, gamlar tviþekjur og einnig mátti sjá gamlar stríðsflugvélar, sem unnu ýmis afrek í seinni heimsstyrjöldinni.

„Eins og í öðrum íþróttum er byrjunarkostnaðurinn mestur. Þá aðallega í sambandi við fjarstýribúnaðinn. Flugmódelin sjálf eru ekki svo dýr, en við búum þau yfirleitt sjálfir til eftir teikningum. Það tekur þetta tvær til þrjár vikur að smíða eina flugvél. Auðvitað er alltaf skemmtilegast að fljúga flugvélum sem maður hefur sjálfur smíðað,“ sagði einn af flugmódelááhugamönnum.



Hér á myndinni má sjá nokkur sýnishorn á flugmódelum við hliðina á stærri flugvél.